



Reykjavík, 5. ágúst 2020

Samráðsgátt
Mál nr. 127/2020
Ábyrgðaraðili: Skrifstofa jafnréttismála

Efni: **Umsögn um frumvarp til laga um jafna stjórnslu jafnréttismála**

Almennt:

Það er ljóst að hlutverk Jafnréttisstofu er mjög viðamikl þó verði frumvarpið að lögum og það kallar á sérþekkingu á ýmsum sviðum þar sem henni er falin stjórnslu vegna laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og laga um jafna meðferð á vinnumarkaði. Það er lykilatriði að veita Jafnréttisstofu fjármagn/mannafla til þess að hún geti sinnt þessum verkefnum með sóma.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að skrifstofu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu sé ætlað að gegna miðlægu hlutverki við að leiða og samhæfa jafnréttisstarf stjórnvalda. Í þessu frumvarpi kemur fram að verkefni Jafnréttisstofu séu m.a. að veita ráðgjöf og aðstoð á sviði jafnréttismála, koma á framfæri við ráðherra og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir til að stuðla að auknu jafnrétti og sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi á sviði jafnréttismála. Það er því ljóst að Jafnréttisstofu er einnig ætlað leiðandi hlutverki á sviði jafnréttismála. Þörf er á að skilgreina með skýrum hætti hvert er hlutverk annars vegar Jafnréttisstofu og hins vegar skrifstofu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu.

Athugasemdir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu við einstakar greinar frumvarpsins:

1. gr

Lagt er til að lög um kynrænt sjálfræði nr. 80 frá 2019 falli þarna undir enda er með kyni í frumvarpi til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna „átt við karla, konur og fólk með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá nema annars sé sérstaklega getið“.

4. gr.

Tiltekin eru í greininni fjölmörg verkefni sem Jafnréttisstofa ber ábyrgð á. Ítrekað er mikilvægi þess, sem fram kemur hér að ofan, að Jafnréttisstofu sé tryggt það fjármagn/mannafli sem hún þarf á að halda til að geta sinnt þessum verkefnum.

7. gr.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa leggur til að tveir af þremur fulltrúum hafi lokið embættisprófi eða meistaraþrófi í lögfræði og einn af þremur sé kynjafraeðingur. Með þessu er tryggt að innan



kærunefndarinnar sé haldgóð þekking á jafnréttismálum en kynjafræði er þverfaglegt nám þar sem lögð er áhersla á kyn en jafnframt aðrar þætti s.s. kyngervi, uppruna, hinseginleika, fötlun og aldur.

13. gr.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa tekur undir að ræða þurfi framvindu jafnréttisáætlunar í sveitarstjórn árlega og hún endurskoðuð eftir þörfum. Þetta tryggir að sveitarstjórn sé með jafnréttismál á dagskrá og endurskoðun eigi sér stað komi í ljós að þörf sé á því.

Í núgildandi lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 er tilgreint að sveitarstjórnir skulu að loknum sveitarstjórnarkosningum skipa jafnréttisnefndir sem fjalla um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan viðkomandi sveitarfélags. Í sveitarstjórnarlögum nr. 138 frá 2011, sjá 37. grein, er sveitarstjórnnum gefin heimild til að sameina nefndir þó að svo sé kveðið á í lögum að kjósa skuli sérstaka nefnd til að fara með tiltekin verkefni.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa telur hættu fólgnu í því að ekki sé tilgreint að skipa þurfi jafnréttisnefnd innan sveitarfélagsins þar sem hætta er á að jafnréttismálum sé ýtt til hliðar við þær aðstæður. Það má vera að það henti í einhverjum sveitarfélögum og við ákveðnar aðstæður að sameina hlutverk nefnda eða fela byggðarráði jafnréttismál en þá er nauðsynlegt að við þá ákvarðanatöku sé farið yfir rök með og á móti og hún tekin með upplýstum hætti.

Það kemur fram í greininni að jafnréttisáætlun sveitarfélags skuli m.a. hafa að markmiði að stuðla að jafnri meðferð við ráðstöfun fjármangs, í þjónustu sveitarfélagsins og starfsmannamálum. Hér er lagt til að kynjuð fjárhagsáætlun sé sérstaklega tilgreind og sterkara að orði kveðið, þ.e. að aðferðarfræði kynjaðar fjárhagsáætlunar sé nýtt til að tryggja jafnrétti og jafnari meðferð við ráðstöfun fjármangs.

Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar